

LÖGGILTIR
ENDURSKODENDUR HF.

Fulltrúar
ARTHUR ANDERSEN & Co. S.C.

Alþingi

Erindi nr. p 1201/1652

komudagur 22/4 1996

*Skýrsla um málefni
Innheimtustofnunar sveitarfélaga*

Desember 1995.



Efnisyfirlit

	<i>Niðurstöður</i>		
1.	<i>Inngangur</i>	<i>Bls.</i>	2
2.	<i>Innheimtustofnun sveitarfélaga</i>	-	3
3.	<i>Staða innheimtumála og þróun.....</i>	-	4
4.	<i>Meðlagsskuldur og fjöldi meðlagsskuldara</i>	-	7
	4.1. <i>Þróun meðlagsskulda í þús. króna.</i>		
	4.2. <i>Fjöldi meðlagsskuldara.</i>		
	4.3. <i>Frekari greining á fjárhagsstöðu skuldara.</i>		
	4.4. <i>Mat á tölulegum niðurstöðum.</i>		
5.	<i>Framtíðarfyrirkomulag á innheimtu meðlaga</i>	-	11
	5.1. <i>Söguleg þróun.</i>		
	5.2. <i>Leiðir til breytinga - siðferðilegar spurningar.</i>		
6.	<i>Töflur og línurit</i>	-	15

Niðurstöður

- Meðlagskröfur frá Tryggingastofnun ríkisins til innheimtu hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga nema u.þ.b. 1.675 millj. króna á árinu 1995. Miðað við besta innheimtuárangur á undanförunum árum má gera ráð fyrir að Innheimtustofnun nái að innheimta meðlagskröfur að fjárhæð 1.150 millj. króna, auk þess sem árlega innheimtast dráttarvextir og kostnaður vegna vanskilakrafna að fjárhæð 180 milljónir. Þegar frá heildarinnheimtunni hefur verið dreginn rekstrarkostnaður um 50 milljónir, liggur fyrir að árlega muni vanta um 400 millj. króna sem falla á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- Heildarkröfur í vanskilum hjá Innheimtustofnun nema tæplega 5,8 milljörðum króna í árslok 1995 og vaxa árlega um 700 milljónir, þegar með eru taldir álagðir dráttarvextir sem ekki tekst að innheimta. Af heildarfjárhæðinni má rekja um 4,3 milljarða til skuldara sem búa við mjög erfiðar fjárhagsaðstæður og er raunhæft að ætla að um 4 milljarðar króna séu í raun tapaðir.
- Innheimtuhlutfall krafna hefur yfirleitt verið tæplega 70% og heildarinnheimtuhlutfall tæplega 65%, nema á árinu 1993 og framan af árinu 1994 þegar bæði hlutföllin féllu um rúm 10%. Á árinu 1995 hefur innheimtan náð fyrri viðmiðun og má aðallega rekja það til lagabreytinga um skuldajöfnun meðlagskrafna á móti barnabótum og vaxtabótum.
- Það sem veldur rúmlega 10% lækkun á innheimtuhlutfalli á árinu 1993 má að okkar áliti aðallega rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi 36% hækkun meðlagsiðgjalda, í öðru lagi innheimtuvandamál í kjölfar dómskerfisbreytinga og í þriðja lagi misvísandi samanburður. Að okkar áliti vegur hækkun meðlaganna rúmlega tvöfalt á við hvorn hinna þáttanna.
- Heildarfjöldi meðlagsskuldara í september 1995 er um 10.600. Á síðustu fimm árum hefur mest fjölgun orðið hjá einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur, eða 41%. Á árinu 1995 voru þeir um 15% af heildarfjölda vanskilamanna, en skuld þeirra nam um 10% af heildarkröfum Innheimtustofnunar.
- Huga þarf að leiðum til að lækka þann kostnað sem almennir útsvarsgreiðendur bera vegna vanskila á meðlagsgjöldum. Annars vegar má lækka kostnað með því að herða útgreiðslureglur og lækka meðlagsgreiðslur, og hins vegar með því að herða innheimtu og beita skuldajöfnun úr ólíkum endurgreiðslukerfum í ríkara mæli en verið hefur.
- Að okkar áliti fer ekki vel á því að einn aðili ákveði meðlög og annist útgreiðslu, annar sjái um innheimtu og sá þriðji beri fjárhagsábyrgð. Huga þarf að leiðum til að réttindi og skyldur, ákvarðanir og fjárhagsafleiðingar, séu sem mest á sömu hendi.
- Erfitt er að bera saman árangur Innheimtustofnunar sveitarfélaga við aðrar innheimtustofnanir, þar sem innheimtuúrræði eru mjög misjöfn. Okkur virðist þokkalega hafa verið staðið að rekstri Innheimtustofnunar á síðustu árum, með þeirri undantekningu að stofnunin var óviðbúin dómskerfisbreytingum sem áttu sér stað á miðju ári 1992. Bein tengsl þurfa að vera á milli innheimtuárangurs Innheimtustofnunar og þeirrar fjárhagslegu ábyrgðar sem einstök sveitarfélög bera. Vel kæmi til álita að bjóða út rekstur Innheimtustofnunar sveitarfélaga, ef það mætti verða til að draga úr kostnaði útsvarsgreiðenda af vanskilum á meðlagskröfum.

*Skýrsla um málefni
Innheimtustofnunar sveitarfélaga*

1. Inngangur.

Þann 12. desember 1994 skilaði nefnd á vegum félagsmálaráðherra af sér tillögum og greinargerð um málefni meðlagsgreiðenda og meðlagsmóttakenda og fjárhagsvanda Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í framhaldi af því var skipuð önnur nefnd til að fjalla um þær tillögur nefndarinnar, sem ekki höfðu þegar komið til framkvæmda. Á fyrsta fundi nefndarinnar komu fram mismunandi skoðanir um stöðu innheimtumála hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og að hve miklu leyti mætti rekja lakari innheimtu til hækkunar á meðlögum í ársbyrjun 1993. Til að auðvelda störf nefndarinnar var ákveðið að fá óháðan aðila til aðstoðar og með bréfi dags 27. júní 1995 var farið fram á að Löggiltir Endurskoðendur hf. önnuðust verkið. Í framhaldi af því áttum við fundi með nefndarmönnum, þar sem fram komu óskir um að litið yrði nánar á eftirtalin atriði:

- Meta stöðu innheimtumála hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og rekja mánaðarlega þróun innheimtunnar frá janúar 1992 til dagsins í dag.
- Leggja mat á að hve miklum hluta megi rekja lakari innheimtu í ársbyrjun 1993 til hækkunar meðlaga og hve stóran hluta til annarra þátta.
- Greina vanskil og skipta skuldurum í ákveðna hópa, með það að markmiði að ná betri árangri í innheimtu. Skoða þróun vanskila hjá einstökum hópum.
- Kanna hvað valdi betri innheimtu á árinu 1995.
- Koma með hugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi á innheimtu, sem leiði til minni kostnaðar.
- Leggja mat á afköst og kostnað við rekstur Innheimtustofnunar.

Verkætlan tók mið af þessum atriðum og settum við okkur í samband við þá aðila sem veitt gátu nauðsynlegar upplýsingar við skýrslugerðina. Í þessu sambandi höfum við fyrst og fremst notið aðstoðar forsvarsmanna Innheimtustofnunar sveitarfélaga og fulltrúa Tölvubankans hf, en þeir hafa séð okkur fyrir miklu af tölulegum upplýsingum um innheimtu og skiptingu vanskilamanna í hópa. Einnig hefur verið höfð til hliðsjónar skýrsla sem nefnd á vegum félagsmálaráðherra skilaði í desember 1994, svo og skýrsla Einars S. Hálfðanarsonar löggilts endurskoðanda, sem hann vann fyrir fjármálaráðherra í september 1993. Loks viljum við nefna skýrslu Ríkisendurskoðunar um innheimtu meðlaga hjá Innheimtustofnun frá því í maí 1993.

Eins og nánar verður vikið að í kafla 4 hér á eftir stóð til að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu meðlagsskuldara með samkeyrslu við skattskrá. Í því sambandi var leitað til Þjóðhagsstofnunar um samkeyrslu á upplýsingum úr skránni Innheimtustofnunar við skattskrá. Nefndin leitaði til ýmissa aðila s.s. Ríkisskattstjóraembættisins og Tölvunefndar. Með bréfi Tölvunefndar til Félagsmálaráðuneytisins dags. 23. október 1995 er beiðni nefndarinnar hafnað með vísan til álits Ríkisskattstjóra á málinu. Tafði þetta störf okkar verulega og rýrir upplýsingagildi skýrslunnar nokkuð.

2. Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Innheimtustofnun sveitarfélaga tók til starfa í ársbyrjun 1972 í framhaldi af setningu laga 54/1971. Í 3. grein laganna segir um hlutverk og skyldur stofnunarinnar m.a.: “*Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, ... Skal Innheimtustofnun skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar. Það sem á vantar að Tryggingastofnun hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða,*” Í 4. gr. er ákvæði um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Innheimtustofnun það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar sbr. 3. grein og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar.

Áður en Innheimtustofnun tók til starfa var innheimta meðlaga hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Það fyrirkomulag reyndist mjög illa m.a. vegna deilna og málaferla um sveitfesti meðlagsgreiðenda sem oft leiddu til illinda á milli sveitarfélaga, en þau reyndu ávallt að sverja af sér viðkomandi meðlagsgreiðendur. Með tilkomu Innheimtustofnunar féllu öll slík mál niður.

Í upphafi voru meðlagsskuldir óverðtryggðar og vaxtalausar og var þar því um mjög hagstætt lán fyrir meðlagsgreiðendur að ræða. Í júlí 1986 fékkst heimild með lagabreytingu til að leggja á og innheimta dráttarvexti sem í fyrstu hafði áhrif á innheimtu til hins betra. En þetta hafði einnig í för með sér ákveðin vandamál því skuldir þeirra sem ekki greiddu hlóðust nú enn hraðar upp en áður. Með breytingu á reglugerð 214/1973 var Innheimtustofnun veitt heimild til að fella niður dráttarvexti í eftirfarandi tilfellum:

- Að skuldari hafi leitað skriflega eftir samkomulagi við stjórn stofnunarinnar um greiðslu skuldarinnar og niðurfellingu dráttarvaxta.
- Að skuldari hafi sýnt fram á, að hann hafi möguleika á að standa við greiðslutilboð sitt væru dráttarvextir felldir niður.
- Að til skuldarinnar hafi verið stofnað vegna félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum aðstæðum.

Á síðustu árum hefur Innheimtustofnun fengið auknar heimildir til að skuldajafna meðlagsskuldum á móti inneignum í öðrum endurgreiðslukerfum hins opinbera og má þar nefna barnabótakerfi og vaxtabótakerfi.

Rekstur Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Hér fer á eftir yfirlit um rekstrargjöld Innheimtustofnunar á árunum 1990-1994 í millj. króna:

	Launa- kostnaður	Lögtaks- kostnaður	Annar rekstrarkostn.	Húsnæðis- kostnaður
1990	19,9	4,1	8,1	1,4
1991	22,2	5,5	7,9	1,4
1992	26,4	4,0	13,3	1,5
1993	26,4	6,0	14,3	2,1
1994	26,9	18,6	15,4	1,3

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÝRLA UM MÁLEFNI INNHEIMTUSTOFNUNAR SVEITARFÉLAGA

Á árunum 1990 til 1994 störfuðu hjá stofnuninni að meðaltali 12 starfsmenn (stöðugildi), en á árinu 1995 fjölgaði þeim í 13. Launakostnaður hefur hækkað um 35% á síðustu 5 árum, en langmest varð hækkunin á milli árunna 1991 og 1992 eða 18,6%. Skýringin á því er sú að á miðju ári 1991 hófu starfsmenn stofnunarinnar að taka laun samkvæmt launatöflu "launaneftdar sveitarfélaga", en höfðu áður þegið laun samkvæmt launatöflu BSRB.

Annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 90% frá árinu 1990 og vegur þar þyngst aukinn kostnaður við rekstur og viðhald tölvubúnaðar, sem rekja má til breytinga á dómskerfinu á árinu 1992 og aukinna krafna um nákvæmari upplýsingar úr bókhaldi stofnunarinnar.

Lögtakskostnaður tekur mikið stökk á árinu 1994 og má rekja það til stóraukins kostnaðar við lögtaksáðgerðir í kjölfar breytinga á dómskerfinu. Hafa þarf í huga að á móti þessum kostnaði kemur innheimtur endurkræfur lögtakskostnaður að fjárhæð 7,8 millj. króna sem lækkar framangreinda fjárhæð.

3. Staða innheimtumála og þróun.

Í bréfi til Innheimtustofnunar sveitarfélaga dags. 19. júlí 1995 óskuðum við eftir að fá lista sem sýndi skiptingu á innheimtu stofnunarinnar í eftirfarandi þætti, sundurliðaða niður á ár:

- a. Innheimtir dráttarvextir og kostnaður
- b. Greiðslur upp í eldri skuldir
- c. Greiðslur upp í meðlagskröfur yfirstandandi árs

Markmiðið með framangreindri skiptingu er að sjá hvernig innheimtan greinist í einstaka þætti og gera á þann hátt kleift að meta með meiri nákvæmni en ella, hvað veldur betri eða lakari innheimtu á einstökum árum.

Í eftirfarandi töflu eru sett fram fjögur innheimtuhlutföll árunna 1990-1994. Í fyrsta lagi innheimtuhlutfall heildarkrafna þ.e. heildarinnheimta (meðlagskröfur, vextir og kostnaður) sem hlutfall af heildarkröfum. Í öðru lagi innheimtuhlutfall meðlags krafna eingöngu, í þriðja lagi innheimtuhlutfall vaxta og að lokum heildarinnheimta sem hlutfall af meðlagskröfum eingöngu.

	<u>Heildar innh.- hlutfall</u>	<u>Innh.- hlutfall krafna</u>	<u>Innh.- hlutfall vaxta.</u>	<u>Heildar innheimta/ meðl.kröfur</u>
Árið 1990.....	62,0%	67,1%	47,2%	83,4%
Árið 1991.....	66,8%	73,5%	46,9%	89,5%
Árið 1992.....	63,0%	69,3%	41,2%	81,1%
Árið 1993.....	53,6%	58,5%	32,6%	66,3%
Árið 1994.....	63,7%	62,4%	84,2%	70,5%
Árið 1995 jan - nóv.....	66,1%	68,0%	54,7%	77,3%

Eins og sést á töflunni þróast heildarinnheimta og innheimta krafna mjög svipað á þessum árum. Hins vegar þróast innheimta vaxta með nokkuð öðrum hætti og eru sveiflur þar miklu meiri, einkum árin 1993 og 1994.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÝRLA UM MÁLEFNI INNHEIMTUSTOFNUNAR SVEITARFÉLAGA

Hjá Innheimtustofnun er algengast að ræða um "innheimtuhlutfall" sem hlutfallið á milli heildarinnheimtu (þ.e. kröfur, vextir og kostnaður) og meðlagskrafna eingöngu, sbr. dálk 4 í töflunni hér að ofan. Þannig er einungis verið reikna út hve hátt hlutfall Innheimtustofnun nær að innheimta upp í meðlagskröfur Tryggingastofnunar. Útreikningur sem þessi getur hins vegar verið mjög misvísandi um innheimtuþróun stofnunarinnar eins og skýrt kemur fram í töflunni. Nægir í þessu sambandi að benda á þær miklu sveiflur sem eru í innheimtu vaxta.

Fram kemur í töflunni að innheimtuhlutfall vaxta hækkar verulega á árinu 1994. Þetta orsakast ekki af betri innheimtu heldur fyrst og fremst vegna þess að til lækkunar á álögðum dráttarvöxtum koma fyrndir og bakfærðir dráttarvextir frá fyrri árum að fjárhæð 269,4 millj. króna. Til samanburðar voru fyrndir og bakfærðir vextir 74 millj. króna á ári, næstu tvö ár á undan. Ástæðan fyrir svo miklum afskriftum vaxta árið 1994 er sú að þann 1. júlí 1992 tók í gildi ný skipan í dómskerfi Íslands sem hafði í för með sér nokkra breytingu á vinnuferli varðandi lögfræðilega innheimtu s.s. fjárnám. Þetta leiddi til þess að kröfur Innheimtustofnunar uppfylltu ekki kröfur Héraðsdóms um form varðandi sundurliðun í höfuðstól, vexti og það tímabil sem krafan tók til og var gert sérstakt átak á árinu 1994 til að færa eldri vaxtakröfur en fjögurra ára út úr bókum Innheimtustofnunar.

Þá er athyglisvert að skoða mánaðarlega þróun innheimtu meðlagskrafna eingöngu í þessu sambandi á árunum 1991 til 1995.

	<u>1991</u>	<u>1992</u>	<u>1993</u>	<u>1994</u>	<u>1995</u>
Janúar.....	60,8%	58,3%	37,6%	43,3%	49,6%
Febrúar.....	62,2%	63,1%	59,3%	53,7%	59,9%
Mars.....	68,8%	73,1%	61,8%	63,4%	68,9%
Apríl.....	93,8%	68,6%	58,9%	56,0%	58,8%
Mái.....	81,3%	70,4%	56,8%	62,1%	70,1%
Júní.....	65,5%	64,1%	55,4%	69,0%	63,8%
Júlí.....	75,7%	68,3%	59,6%	60,3%	65,9%
Ágúst.....	66,8%	67,9%	61,7%	67,4%	103,4%
September.....	74,5%	64,5%	57,9%	64,0%	65,1%
Október.....	78,3%	74,5%	57,9%	67,5%	68,9%
Nóvember.....	68,6%	71,9%	60,9%	63,8%	72,0%
Desember.....	84,7%	87,2%	74,3%	78,8%	
Innheimtuhlutf. meðlagskrafna á ári...	<u>73,5%</u>	<u>69,3%</u>	<u>58,5%</u>	<u>62,4%</u>	<u>67,9%</u>

Hafa ber í huga að innheimta fyrir einstaka mánuði getur verið misvísandi að því leyti að hún innifelur innheimtu vegna fyrri mánaða (sjá ágúst 1995), en þegar horft er yfir lengra tímabil jafnast þessi munur út. Við viljum einkum vekja athygli á eftirtöldum atriðum í töflunni:

- Þegar innheimtuhlutföll á árinu 1993 eru borin saman við árin 1992 og 1994 þarf að hafa eftirfarandi í huga: Þar sem tiltekinn hluti meðlagskrafna sem innheimtist í hverjum mánuði á rætur að rekja til fyrri mánaða, kemur fram misvísun í innheimtuhlutfalli fyrst eftir að veruleg hækkan á meðlagsfjárhæð á sér stað. Til að skýra þetta nánar má taka sem dæmi að kröfur um innheimtu frá Tryggingastofnun í janúar 1993 eru bornar saman við það sem innheimtist í janúar 1993. Innheimtufjárhæðin (talan í teljara brotsins) samanstendur annars vegar af innheimtu nýrra krafna og hins vegar af kröfum frá árinu 1992, sem voru mun lægri og því verður hlutfallið lægra. Eftir því sem frá líður dregur úr

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÝRLA UM MÁLEFNI INNHEIMTUSTOFNUNAR SVEITARFÉLAGA

áhrifum eldri mánaða á innheimtuhlutfallið. Af fyrirliggjandi gögnum um fjölda meðlagsskuldara í skilum, er það mat okkar að skýra megi 2-3% af lakara innheimtuhlutfalli 1993 í heild samanborið við 1992 með þessum hætti, en 1-2% samanborið við árið 1994. Rétt er að hafa í huga að mat okkar gerir ráð fyrir um 4% áhrifum í upphafi árs 1993, sem lækkar niður í um 1% í lok ársins.

- Við fyrstu sýn virðist svo sem innheimtan í desember 1992 sé mun betri en í öðrum mánuðum. Þegar betur er að gáð er skýringin sú, að í þessum mánuði voru færðar í einu lagi út úr bókum Innheimtustofnunar milljónakröfur vegna látinna skuldara og því verður innheimtuhlutfall í þessum mánuði óeðlilega hátt. Að okkar áliti jafnast þetta út ef árið í heild er metið, en skoða þarf samanburð við aðra mánuði með þetta í huga, einkum þar sem verulegar breytingar urðu í starfsumhverfi Innheimtustofnunar um þetta leyti. Ef bakfærslu meðlagskrafna er jafnað út á árið lækkar innheimtuhlutfallið í desember 1992 úr 87,2% niður í 80,3%, en árið í heild er óbreytt eins og áður sagði. Meðalinnheimta síðustu fjóra mánuði ársins 1991 er 76,5%, en 73,3% árið 1992 eftir að tekið hefur verið tillit til framangreindra breytinga. Innheimtuhlutfallið vegna sömu mánaða 1993 er hins vegar aðeins 62,8%, en er komið í 68,5% árið 1994. Eins og fram kemur í skýrslu ríkisendurskoðunar varð verulegt bakslag í lögfræðiinnheimtu Innheimtustofnunar frá hausti 1992 að telja og virðist okkur, með hliðsjón af því sem að framan greinir, mega rekja um 2-3% lægra innheimtuhlutfall haustið 1992, samanborið við haustið 1991, til þessa þáttar. Upplýsingar um innheimtu eldri krafna hjá einstökum vanskilahópum benda til hins sama, sjá upplýsingar í viðauka með skýrslunni.
- Af töflunni hér að framan verður ekki annað ráðið en að fyrst taki að draga úr innheimtu að marki í upphafi árs 1993. Ef tölur um innheimtu meðlaga að viðbættum vöxtum og kostnaði eru hins vegar lagðar til grundvallar, virðist hins vegar svo sem draga taki úr innheimtu á síðari hluta árs 1992. Skýrist það af verulegum vaxtaleiðréttingum og væri að okkar áliti villandi að leggja slíkt yfirlit til grundvallar, sem skýringu á því hvenær draga taki úr innheimtu.
- Ágreiningur hefur einkum verið uppi milli fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvenær byrji að draga úr innheimta meðlaga og hvað valdi því. Taflan hér að framan leiðir í ljós að innheimtuhlutfall virðist lækka um 10-11% milli árana 1992 og 1993. Með hliðsjón af því sem að framan greinir er það niðurstaða okkar að lækkun innheimtu á árinu 1993 megi í fyrsta lagi rekja til hækkunar á meðlagi í byrjun þess árs, í öðru lagi til breytinga á dómskerfi í júlí 1992 og innheimtuvandamála í kjölfar þess, og í þriðja lagi megi rekja hluta lækkunarinnar til misvísandi samanburðar. Þó erfitt sé að gefa hverjum þætti vægi með nákvæmni, teljum við okkur geta rökstutt að hækkun meðlaga fái vægið 5-7%, innheimtuvandamál vægið 2-3% og misvísandi samanburður vægið 2-3%.
- Svo virðist sem undirbúningur af hálfu Innheimtustofnunar vegna dómskerfisbreytingar á miðju ári 1992 hafi verið ónógur og koma áhrif þess bæði fram í lægri innheimtu dráttarvaxta strax frá hausti 1992 og í innheimtu meðlagskrafna eins og áður greinir. Við teljum þetta þó ekki vera meginskýringuna á lakara innheimtuhlutfalli á árinu 1993. Ef svo væri hefði átt úr að rætast á síðari hluta árs 1993 eftir að innheimtan komst í eðlilegt horf, en innheimta meðlagskrafna fer fyrst að vaxa að nýju á síðari hluta árs 1994.
- Önnur meginniðurstaða okkar er sú að innheimta meðlaga hafi dalað umtalsvert frá upphafi árs 1993 og vanti enn nokkuð á að fyrri árangri sé náð. Rétt er að vekja athygli á því að bætt innheimtuhlutfall á árinu 1995 samanborið við fyrri ár má að verulegu leyti

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÝRLA UM MÁLEFNI INNHEIMTUSTOFNUNAR SVEITARFÉLAGA

rekja til lagabreytinga um skuldajöfnun meðlagskrafna á móti barnabótum og vaxtabótum. Nema þessar skuldajafnanir á fyrstu níu mánuðum ársins 98,2 mkr. og þar af 75 mkr. í ágúst. Þetta sýnir þó að ná má betri árangri með nýjum innheimtuaðferðum.

- Eins og áður hefur komið fram virðist innheimtan áberandi best árið 1991, en varhugavert er að nota það ár sem viðmiðunarár. Það sem einkum greinir 1991 að frá öðrum árum (upphaf 1993 undanskilið) er óvenjulega há innheimta í apríl og maí mánuðum það ár. Skýrist þetta háa innheimtuhlutfall af því, að á þessum mánuðum var gerð breyting í þá veru að fyrirtæki sem tekið höfðu meðlagskröfur af starfsmönnum sínum, en ekki staðið sjálf í skilum, voru færð í sérstaka skrá og hafa verið þar síðan. Í bókum Innheimtustofnunar virkar þetta þannig að viðkomandi einstaklingar hafi gert skil á kröfum sínum á þessum tíma og skýrir það hækkun innheimtuhlutfallsins. Að öðru leyti verður ekki séð að árið 1991 sé frábrugðið öðrum árum.
- Samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna Innheimtustofnunar segir reynsla undangenginna ára, að sérhver hækkun á meðlögum hafi valdið tímabundnum afturkeppingum í innheimtu, meðan skuldarar virtust vera að sætta sig við eða venjast hækkuninni. Virðist margt benda til þess að þetta eigi við rök að styðjast á árinu 1993.

Þegar meta á stöðu innheimtumála hjá Innheimtustofnun virðist ljóst af sögu undangenginna ára að heildarinnheimtuhlutfall hefur ekki frá árinu 1986 farið yfir 67%. Miðað við árið 1995 má gera ráð fyrir að heildarkröfur til innheimtu (meðlög, vextir og kostnaður) geti numið u.þ.b. 1.980 millj. króna. Ef að jafnaði innheimtast um 67% af þeirri fjárhæð gerir það um 1.325 millj. króna. Heildarskuldastaðan mun því að óbreyttu halda áfram að aukast á hverju ári um 700 millj. króna að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar.

Meðlagskröfur Tryggingastofnunar árið 1995 eru u.þ.b. 1.675 millj. króna á ári og sé gert ráð fyrir því að innheimta verði með þeim hætti sem vænta má að verði nú á árinu 1995 eða um 67%, mun vanta árlega um 400 millj. króna sem falla á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

4. Meðlagsskuldir og fjöldi meðlagsskuldara.

Annað meginhlutverk okkar var að greina nánar upp þann hóp sem skuldar meðlög í dag.

4.1. Þróun meðlagsskulda í þús. króna.

	<u>Gjaldþr.</u> <u>einstaki.</u>	<u>Skiptum</u> <u>lokið</u>	<u>Árangursl.</u> <u>fjárnám</u>	<u>Fangar.</u>	<u>Heimilis-</u> <u>lausir</u>
Árslok 1990	200.266	304.366	411.496	250.044	94.971
Árslok 1991	256.793	388.367	524.751	307.929	119.156
Árslok 1992	321.156	467.764	658.408	377.871	143.069
Árslok 1993	402.635	574.267	849.562	468.996	176.118
Árslok 1994	463.636	653.046	981.444	539.166	207.581
Í lok september 1995 ...	504.530	695.406	1.069.741	579.868	225.756
Hlutfallshækkun.....	<u>152%</u>	<u>128%</u>	<u>160%</u>	<u>132%</u>	<u>138%</u>

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÝRLA UM MÁLEFNI INNHEIMTUSTOFNUNAR SVEITARFÉLAGA

	<u>Búsettir</u> <u>erlendis</u>	<u>Með sjálfst</u> <u>atvinnur.</u>	<u>Hópar</u> <u>samtals</u>	<u>Aðrir</u>	<u>Heildarskuld</u>
Árslok 1990	256.005	240.992	1.758.140	795.134	2.553.274
Árslok 1991	321.410	283.741	2.202.147	824.656	3.026.803
Árslok 1992	386.542	337.646	2.692.456	864.039	3.556.495
Árslok 1993	477.325	448.529	3.397.432	1.048.194	4.445.626
Árslok 1994	555.234	541.302	3.941.409	1.135.502	5.076.911
Í lok september 1995 ...	606.598	573.697	4.255.596	1.321.746	5.577.342
Hlutfallshækkun.....	<u>137%</u>	<u>138%</u>	<u>142%</u>	<u>66%</u>	<u>118%</u>

Ef þessir hópar eru skoðaðir nánar kemur í ljós að mesta hækkunin er hjá meðlagsskuldurum með árangurslaust fjárnám og þeim meðlagsskuldurum sem eru gjaldþrota, en síðan koma ekki langt á eftir meðlagsskuldurum með sjálfstæðan atvinnurekstur.

4.2. Fjöldi meðlagsskuldara.

Athyglisvert er hins vegar að skoða hvernig þróun í fjölda einstaklinga er í þessum einstöku hópum á sama tíma.

	<u>Gjaldþr.</u> <u>einstakl.</u>	<u>Skiptum</u> <u>lokið</u>	<u>Árangursl.</u> <u>fjárnám</u>	<u>Fangar.</u>	<u>Heimilis-</u> <u>lausir</u>
Árslok 1990	328	425	723	392	176
Árslok 1991	340	444	793	433	181
Árslok 1992	362	456	855	457	190
Árslok 1993	377	475	900	487	200
Árslok 1994	390	487	941	413	209
Í lok september 1995 ...	394	488	940	516	214
Hlutfallshækkun.....	<u>17%</u>	<u>15%</u>	<u>30%</u>	<u>32%</u>	<u>22%</u>

	<u>Búsettir</u> <u>erlendis</u>	<u>Með sjálfst</u> <u>atvinnur.</u>	<u>Hópar</u> <u>samtals</u>	<u>Aðrir</u> <u>skuldarar</u>	<u>Heildarfj.</u> <u>skuldara</u>
Árslok 1990	649	1.147	3.840	5.698	9.538
Árslok 1991	689	1.241	4.121	5.702	9.823
Árslok 1992	722	1.319	4.361	5.654	10.015
Árslok 1993	751	1.415	4.605	5.680	10.285
Árslok 1994	766	1.525	4.731	5.817	10.548
Í lok september 1995 ...	780	1.613	4.945	5.715	10.660
Hlutfallshækkun.....	<u>20%</u>	<u>41%</u>	<u>28,8%</u>	<u>0,3%</u>	<u>11,8%</u>

Tölflurnar leiða í ljós að aukinn fjöldi meðlagsskuldara á síðustu 5 árum má nær alfarið rekja til framangreindra hópa. Áberandi mest fjölgun virðist vera í hópi sjálfstæðra atvinnurekenda.

4.3. Frekari greining á fjárhagsstöðu meðlagsskuldara.

Á fundum okkar með nefndarmönnum komu fram hugmyndir að gera fekari greiningu á fjárhagsstöðu meðlagsskuldara og meðlagsgreiðenda almennt. Var ákveðið að leita eftir því við Þjóðhagsstofnun að hún ynni þessar upplýsingar, þannig að ekki yrði um að ræða brot á lögum um vernd persónuupplýsinga. Hugmyndir okkar voru þær að vinna úr skattskrá upplýsingar um skiptingu meðlagsgreiðenda í tekjuhópa og eftir eignastöðu.

Í þessu sambandi settum við fram hugmyndir að tekju og eignaskiptingu sem notuð yrði við samkeyrslu við skattskrá. Var hugmyndin að skipta samkeyrslunni í tvennt, annars vegar heildarskrá meðlagsgreiðenda og hins vegar þá sem skulda stofnuninni. Okkar hugmynd var sú að listarnir væru sundurliðaðir eftir því með hve mörgum börnum viðkomandi tekjuhópur og eignahópur greiddi, samkvæmt eftirfarandi töflu:

	<u>1 barn</u>	<u>2 börn</u>	<u>3 börn o.fl.</u>
Tekjur undir 200.000	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Tekjur á bilinu 200.000 - 600.000	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Tekjur á bilinu 600.000 - 1.000.000 ...	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Tekjur á bilinu 1.000.000 - 1.500.000	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Tekjur á bilinu 1.500.000 - 2.000.000	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Tekjur yfir 2.000.000	fjöldi	fjöldi	fjöldi

Listi yfir vanskilmenn væri keyrður með sama hætti, en til viðbótar upplýsingum um fjölda einstaklinga kæmi fjárhæð þeirra vanskila sem hópurinn væri í gagnvart stofnuninni.

Líkt og varðaði upplýsingar um tekjuhópa töldum við gagnlegt að afla upplýsinga um eignastöðu meðlagsgreiðenda og kom fram eftirfarandi hugmynd að greiningu.

	<u>1 barn</u>	<u>2 börn</u>	<u>3 börn o.fl.</u>
Neikvæður stofn umfram 10 milj.	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Neikvæður stofn á bilinu 5 - 10 milj.	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Eignarskattsstofn á bilinu 0 - 5 milj.	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Eignarskattsstofn á bilinu 5 - 10 milj.	fjöldi	fjöldi	fjöldi
Eignarskattsstofn yfir 10 milj.	fjöldi	fjöldi	fjöldi

Á sama hátt yrðu vanskilamenn keyrðir sérstaklega og skuldafjárhæð bætt aftan við hverja tölu um fjölda einstaklinga.

Þá óskuðum við eftir því að vanskilaskrá meðlagsgreiðenda yrði keyrð saman við skattskrá og fundið út eftirfarandi: (fjöldi einstaklinga og fjárhæð)

- a. Vanskilamenn með reiknuð laun
- b. Vanskilamenn með áætlun
- c. Vanskilamenn sem ekki finnast í skattskrá

Einnig vildum við kanna möguleika á því að keyra vanskilaskrá saman við þá framteljendur sem eru að uppistöðu til bótaþegar hjá ríkinu, þ.e. hafa nær eingöngu tekjur í reit 40 í kafla 7.3 á skattframtali og t.d. minna en kr. 200.000 í öðrum tekjum.

Þá leiddum við hugann að því hvort upplýsingar um áætlun opinberra gjalda gæti verið misvísandi í fyrstu. Vegna tekjuársins 1994 (álagning 1995) liggur að sjálfsögðu ekki annað fyrir en frumálagning. Endanleg skattskrá vegna tekjuársins 1993, þar sem kæruatriðum hefur verið svarað liggur hins vegar fyrir. Æskilegt væri því að fá keyrslu sem sýndi hve margir vanskilamenn meðlaga voru með áætlun við frumálagningu 1994 og hvaða breyting hefur orðið á fjölda og fjárhæðum við endalega útgáfu skattskrár tæpu ári síðar. Ástæðan fyrir þessari ósk okkar var tvíþætt: Annars vegar er fróðlegt að sjá mismuninn þarna á milli, sem við hugðumst hafa til hliðsjónar við ályktanir út frá frumálagningu 1995. Hins vegar gefur samkeyrsla eitt ár til viðbótar upplýsingar um þróunina á milli tekjuáranna 1993 og 1994.

Skemmt er frá því að segja að ósk okkar var hafnað og vísaði Tölvunefnd í því sambandi til álits ríkisskattstjóra. Við erum ósammála þeim rökum sem þar eru sett fram og sum þeirra eru illskiljanleg. Virðist okkur sem ríkisskattstjóri hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til þess að þjóðhagsstofnun ein ynni upplýsingarnar og birti í heildartölum og fjárhæðum. Er það íhugunarefni þegar verið er að benda á hugsanlegar leiðir til að draga úr kostnaði hins opinbera vegna Innheimtustofnunar, skuli aðrar opinberar stofnanir koma í veg fyrir það með þeim hætti sem hér er lýst.

4.4. Mat á tölulegum niðurstöðum.

- Ef litið er á greiningu meðlagsskuldara í 7 hópa vekur það athygli hversu hátt hlutfall af heildarkröfum stofnunarinnar þessir hópar skulda eða samtals 4,2 milljarða af tæplega 5,6 milljörðum króna. Þrátt fyrir það að talsverðar fjárhæðir innheimtist á hverju ári hjá þessum hópum, verður að ætla að verulegur hluti þessarar fjárhæðar sé í raun tapaður.
- Hvað varðar einstaka hópa er að okkar áliti rétt að líta á fyrstu þrjá hópana saman (þ.e. gjaldþrota einstaklinga, vanskilamenn þar sem skiptum er lokið og aðila sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá). Heildarskuld þessara aðila er 2,2 milljarðar króna eða rúm 40% af heildarkröfum stofnunarinnar. Heildarfjöldi þessara einstaklinga er hins vegar 1.822 eða 17% af öllum skuldurum.
- Fangar eða einstaklingar sem setið hafa í fangeldi skulda 580 millj. króna eða um 10% af kröfum stofnunarinnar. Að fjölda til eru þeir 516, eða tæp 5% af fjölda skuldara.
- Aðilar með sjálfstæðan atvinnurekstur skulda 574 millj. króna sem er um 10% af heildarkröfum. Á hinn bóginn er athyglisvert að fjöldi þessara aðila er 1.613 eða 15% af heildarfjölda vanskilamanna.
- Á árinu 1995 stefnir innheimtan í að verða betri en á árinu 1994 og nálgast innheimtu- hlutfall árána 1991 og 1992, eftir að tekið hefur verið tillit til leiðréttinga sem gerðar voru á árinu 1991. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að taka fram að á árinu 1995 hefur orðið sú kerfisbreyting að til Innheimtustofnunar hafa runnið verulegir fjármunir vegna skuldajöfnunar barnabóta og vaxtabóta, eða 98,2 millj. króna.

5. Framtíðarfyrirkomulag á innheimtu meðlaga.

Á fundi með nefnd félagsmálaráðherra kom fram ósk um að við settum á blað nokkrar hugleiðingar um framtíðarfyrirkomulag á innheimtu meðlaga, sem leiddi til lægri útgjalda fyrir hið opinbera. Í framhaldi af tölulegri úrvinnslu okkar og athugun á ýmsum þáttum þessa máls, höfum við sett eftirfarandi hugleiðingar á blað. Við viljum undirstrika að markmið okkar með þessum skrifum er að velta upp hugmyndum, sem leitt geta til endurbóta á núverandi kerfi, án þess að allar hugmyndirnar falli endilega að okkar skoðunum. Höfum við í nokkrum tilvikum viljandi valið orðalag sem er til þess fallið að hreyfa við rótgrónum hugmyndum og væntum þess að einstakar hugmyndir verði ekki slitnar úr samhengi, heldur nýttar með framangreint markmið í huga, þ.e. að bæta núverandi kerfi.

Fyrst þarf að skilgreina hvað átt er við með því “að bæta núverandi kerfi”: Er það aukin velferð barnanna og uppalendanna, er það minni greiðslubyrði meðlagsgreiðenda, eða eru það minni fjárútlát útsvarsgreiðenda? Áður en leitað verður svara við þessum spurningum er rétt að leiða hugann að ýmsum atriðum sem tengjast þessu máli.

5.1. Söguleg þróun.

Mikilvægi þess að gefa börnum kost á því að hljóta sómasamlegt uppeldi og viðurværi var Íslendingum snemma ljóst. Í Grágás er að finna ákvæði um ómagaframfærslu og á söguöld var það talið hlutverk hreppanna að annast framfærslu ómaga. Eftir 1809 voru slíkir “sveitaómagar” reyndar oft boðnir upp eins og sagt er, eða sem meira réttnefni er að þeir væru boðnir “niður”. Í því fólst að sá sem bauðst að taka að sér “ómaga” fyrir sem lægst fé frá samfélaginu hlaut “niðursetninginn”.

Árið 1921 eru sett lög nr. 46 sem fjalla um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og segir þar í 18. gr.: “... Framfærslu og uppeldi óskilgetins barns skal hagað svo, sem hæfa þykir högum þess foreldris, sem betur er statt, hafi karlmaðurinn gengist við faðerninu eða verið dæmdur faðir þess, en ella eftir högum móður þess.” Í þessum lögum kemur fram að það skal vera valdsmaður sem kveður upp meðlagsúrskurð. Í lögnum er einnig heimild til móður, sé barnsfulga ekki greidd á réttum gjalddaga, að krefjast þess að fúlgan verði greidd henni af sveitarfé í dvalarsveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. Sambærileg ákvæði er að finna í lögum nr. 57/1921 sem fjalla um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Ákvæði á borð við þessi breytast svo með lögum nr. 87/1947 og koma þá inn ákvæði sem hafa beina tilvísun til laga um almannatryggingar (nr. 50/1946). Þar eru ákvæði þess efnis að hvorki megi úrskurða né semja um meðlagsgreiðslur sem séu lægri en barnalífeyrir eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þá má enn fremur benda á að í stjórnarskrá Íslenska lýðveldisins frá 1944 er ákvæði í 71. gr. sem segir: “Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðslu og framfæri af almannafé.” Með barnalögum nr. 20/1992 er börnum tryggður einhliða réttur til framfærslu af hendi foreldra til 18 ára aldurs, en hafði áður verið gagnkvæmur.

Svo sem sjá má af framansögðu hefur það frá aldaöldi verið talið meginhlutverk sveitarfélaga að bera ábyrgð á framfærslu barna. Smám saman hafa reglurnar um meðlagsskyldu verið að breytast og réttur barna verið aukinn. Það virðist sammerkt öllum velferðarkerfum að

kostnaður við þau vex eftir því sem tíminn líður. Ástæður þess eru margvíslegar og má nefna eftirfarandi í sambandi við meðlagskerfið:

- Réttindi eru markvisst aukin með nýjum lögum og þó þeim sé í upphafi einvörðungu ætlað að bæta hag barna, er mismunandi hvernig til tekst.
- Þróun kerfisins er einhliða, þ.e. einvörðungu bótaþegar knýja á um endurbætur og benda á það sem miður fer og hvar kerfið uppfyllir ekki upphafleg markmið. Þeir sem standa straum af kostnaði við kerfið eru fjarlægir og eiga sér ekki beina málssvara.
- Pólitískt er mun auðveldara að leggja til aukinn tilkostnað til hagsbóta fyrir tiltekna einstaklinga, en að leggjast gegn útgjöldum sem óljóst er hverjir skynja eða meta.
- Einstaklingar finna leiðir til að hagnýta sér kerfið í trássi við upphafleg markmið. Orka starfsmanna beinist frekar að þjónustu við notendur kerfisins, en að hafa upp á þeim sem misnota kerfið. Auk þess er tímafrekt að rannsaka mál og reka þau fyrir dómstólum og reynslan sýnir að viðurlög eru væg.

Hvað svo sem veldur miklum kostnaði við velferðarkerfi, sýnir reynslan að árlegur kostnaður útsvarsgreiðenda við meðlagskerfið nemur orðið um 300 mkr. Þetta er sá kostnaður sem ríkið greiðir til forráðamanna barna, umfram það sem tekst að innheimta aftur hjá því foreldri sem ekki sinnir uppeldis- og framfærsluskyldu sinni, að viðbættum umsýslukostnaði við innheimtuna. Sveitarfélög landsins endurgreiða síðan ríkinu í gegn um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Forráðamenn sveitarfélaga horfa með vaxandi áhyggjum hvert stefnir og leita úrræða til að lækka þennan kostnað. Hér á eftir verður hugað að nokkrum leiðum til að draga úr kostnaðinum

5.2. Leiðir til breytinga, - siðferðilegar spurningar.

Þegar hugað er að leiðum til að minnka árlegan vanda sveitarfélaganna um 300 mkr. vakna strax margar siðferðilegar spurningar, sem tengjast því hvert sé raunhæft markmið að stefna að. Ekki verður hjá því komist að talsverður kostnaður hljótist af umræddu kerfi, meðan sú lagaskylda hvílir á sveitarfélögum að tryggja börnum sómasamlega framfærslu og nægir í því sambandi að nefna tilvik þegar langvarandi veikindi hrjá foreldri. Hér á eftir verða nefndar nokkrar leiðir sem leitt gætu til minni útgjalda fyrir sveitarfélögin og rædd nokkur siðferðileg vandamál sem líkur eru á að vakni í kjölfarið.

- Sú leið sem tryggir að sveitarfélögin þurfi ekkert að greiða vegna meðlaga, er hreinlega að fella þau niður. Innheimta á vegum hins opinbera leggjast þá niður, en úrskurðuð meðlög mætti innheimta með aðstoð lögmanna. Angi af sömu hugsun væri að bjóða rekstur Innheimtustofnunar út og tengja þóknun innheimtuárangri. Gera má ráð fyrir að þessi breyting þætti harkaleg og í þeim tilvikum sem innheimta bæri ekki árangur flyttist vandinn yfir til félagsmálastofnana sveitarfélaganna, eða ríkissjóðs.
- Sú spurning vaknar hversu vel fari á því að ríkið ákvarði meðlagsfjárhæð sem ríkisstofnun greiðir út, meðan sveitarfélögin bera ábyrgð á innheimtunni. Samanburður á réttindum og skyldum meðlagsþiggjenda og meðlagsgreiðenda verður torveldari og ætla má að hagsmunir þeirra sem standa fyrir utborgunum og innheimtu fari ekki alltaf saman. Niðurstaðan af þessum vangaveltum er sú að ekki fari vel á því að einn aðili ákveði útgjöld, sem annar beri fjárhagslega ábyrgð á að innheimta.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÝRLA UM MÁLEFNI INNHEIMTUSTOFNUNAR SVEITARFÉLAGA

- Okkur virðist á skorta að einstök sveitarfélög og útsvarsgreiðendur verði nægilega vör við frammistöðu Innheimtustofnunar að því er varðar innheimtu meðlaga. Helgast það af því að það sem á skortir til að Innheimtustofnun geti staðið í skilum við Tryggingastofnun, sækir hún til Jöfnunarsjóðs, sem er sameiginlegur sjóður sveitarfélaganna. Sú spurning vaknar hvort það leiði til meira aðhalds með störfum Innheimtustofnunar, ef einstök sveitarfélög fá sendan reikning eftir lögheimili þeirra greiðenda sem ekki standa í skilum, eða lækka framlag Jöfnunarsjóðs til viðkomandi sveitarfélags um sömu fjárhæð.
- Kostnað við kerfið má lækka frá því sem nú er með því að takmarka útgreiðslur. Það má gera með því að lækka meðlagið, eða með því að þrengja útgreiðslureglurnar frá því sem nú er. Hvor leiðin sem valin verður þrengir væntanlega hag barnanna og þess foreldris sem hefur framfærsluna með höndum frá því sem nú er. Gera má ráð fyrir að lægri meðlagsgreiðslur leiði til betri innheimtu, ef tekið er mið af reynslu undangenginna ára. Reynslan sýnir að hóf í skattheimtu hvers konar leiðir til betri skila, færri reyna að komast undan greiðslu og innheimta verður öll skilvirkari og ódýrari.
- Í umræðunni undangengin ár hefur lítið verið minnst á harðari útgreiðslureglur. Þannig mætti hugsa sér virkara eftirlit með misnotkun en nú er gert t.d. með því að bera saman ólíkar upplýsingar um dvalarstað aðila.
- Einnig kemur til álita að hafa samhengi milli þess sem innheimtist og þess sem greiðist eins og upphaflega hugsunin var með kerfinu. Vissulega yrðu að vera til skýrar undantekningar frá reglunni, en í meginatriðum virkaði hún þannig að stæði meðlagsgreiðandi ekki í skilum lækkuðu meðlagsgreiðslur hlutfallslega niður í eitthvert tiltekið lágmark. Til dæmis mætti miða meðlagsgreiðslur til meðlagsþiggjanda sem betur eru stæðir, við þær fjárhæðir sem innheimtast af meðlagsgreiðanda, án þess að gera nokkrar tilslakanir í innheimtu á hendur honum. Þannig vissi meðlagsgreiðandinn að framfærandi og börn fengju upplýsingar um frammistöðu hans og virkaði þetta í flestum tilvikum hvetjandi á meðlagsgreiðanda til að standa í skilum.
- Margt virkar harkalegt í tillögunum hér að framan og sú gagnrýni er mjög nærtæk að þrengri útgreiðslureglur bitni harðast á þeim sem síst skyldi, þ.e. börnunum sjálfum. Væntanlega er það svo að misjafnt er hve háður framfærandi er meðlagsgreiðslum og væntanlega vega önnur atriði en fjárhagsleg þungt að því er varðar heill barnanna, þannig að ekki má einblína á þá lausn að hærri meðlög leysi allan vanda. Því má heldur ekki gleyma að meðlagsgreiðendur eiga sér einnig rétt og ekki síður útsvarsgreiðendur.
- Niðurstaðan af umfjölluninni hér að framan er sú, að finna þurfi ásættanlega leið til þess að þrengja útgreiðslureglur með sem minnstu óhagræði fyrir börnin. Auka má kröfur til meðlagsþiggjanda og gera þá meðvitaðri um ábyrgð sem fylgir misnotkun eða annarri óásættanlegri háttsemi. Í því sambandi kemur til álita að láta innheimtu í vissum tilvikum hafa áhrif á þær greiðslur sem renna til meðlagsþiggjanda.
- Kostnað við kerfið má lækka með því að herða innheimtuna frá því sem nú er. Reynslan hefur sýnt að beita má almennum aðgerðum, t.d. skuldajöfnun úr ólíkum endurgreiðslu-kerfum, með góðum árangri. Mun lengra er unnt að ganga í þeim efnum, að greina einstaka skuldara upp í hópa og ná þannig betri innheimtuárangri en nú er. Visast í þessu sambandi til kafla 4.3. í skýrslunni hér að framan. Að vísu vega þarna á móti hagsmunir um vernd persónuupplýsinga, sem virðast komnar út í öfgar að okkar áliti. Það skal haft í huga að hér er einkum verið að leita upplýsinga um aðila sem hafa margbrotið skyldur sínar gangvart börnum sínum og þjóðfélaginu og er til ihugunar hve mikið skuli á sig lagt.


FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
SKÝRLA UM MÁLEFNI INNHEIMTUSTOFNUNAR SVEITARFÉLAGA

til að veita þeim óskoruð réttindi á móti. Almennir útsvarsgreiðendur sem borga jú alltaf brúsann telja sig einnig eiga að njóta vissra réttinda og eftir því sem byrðar þeirra vaxa, verður sú spurning áleitnari hvern eigi að draga til ábyrgðar og með hvaða hætti.

